



2025

Ársskýrsla velferðarsviðs





Efnisyfirlit

1	Velferðarsvið í hnotskurn	3
	Ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs	6
2	Þjónusta	7
	Þjónusta í heimahúsum	15
	Þjónusta við eldra fólk	27
	Þjónusta við fatlað fólk	30
	Þjónusta við börn og fjölskyldur	34
	Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd	43
	Þjónusta við heimilislaust fólk	51
	Virkni og fjárhagsaðstoð	56
	Húsnæði	60
	Ítarlegri tölfræði	63
3	Vinnustaðurinn	65
4	Rekstur	70
5	Annáll	75



Kafli 1



Velferðarsvið í hnotskurn



Fjöldi notenda sem fékk þjónustu frá velferðarsviði árið 2025

20.595

Fjöldi starfsfólks velferðarsviðs að meðaltali í mánuði árið 2025

3.500

Heildarrekstrargjöld velferðarsviðs í milljónum króna árið 2025

48.357



Gildi velferðarsviðs

→ Virðing

Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við.

Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

→ Virkni

Við viljum að öll geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

Við vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði notenda og starfsfólks velferðarþjónustu.

→ Velferð

Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa.

Við vinnum að lausnum og veitum skilvirka velferðarþjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.



Kæra áhugafólk um velferðarmál!



Í ársskýrslu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 er mikið magn upplýsinga sem varpa ljósi á velferðarmál í Reykjavík. Við lögðum okkur fram við að setja þær fram á skýran og aðgengilegan hátt, þannig að auðvelt sé að átta sig á stöðu og þróun velferðarmála í borginni. Skýrslan veitir góða yfirsýn yfir árið og þau verkefni sem stóðu upp úr.

Miklar breytingar í málaflokki fatlaðs fólks

Þegar horft er yfir árið 2025 stendur málaflokkur fatlaðs fólks að mörgu leyti upp úr. Við réðumst í miklar breytingar á rekstri málaflokksins, sem fólust í því að færa rekstur málaflokks fatlaðs fólks frá miðstöðvum borgarinnar til miðlægrar skrifstofu. Markmið breytinganna var meðal annars að auka gæði þjónustunnar, skýra verkaskiptingu, auka yfirsýn og eftirlit og tryggja jafnræði í þjónustunni.

Þetta voru umfangsmiklar breytingar, gerðar með það að markmiði að veita fötluðu fólki skilvirkari, markvissari og aðgengilegri þjónustu. Þetta eru alltaf markmið okkar, sama til hvaða málaflokks er litið.

Stutt við sjálfstætt líf á nýjum íbúðakjarna

Á árinu áttum við ánægjulegar og hátíðlegar stundir sem vert er að halda á lofti. Meðal þeirra var opnun á einstökum íbúðakjarna að Brekknaási í Árbæjarhverfi. Íbúðakjarninn er sérstaklega hannaður með tilliti til þarfa íbúanna og styður vel við sjálfstætt líf þeirra. Í honum eru sex íbúðir, hver þeirra um sextíu fermetrar, auk sameiginlegs rýmis. Þetta var 21. íbúðakjarninn fyrir fatlað fólk sem Reykjavíkurborg opnar frá því árið 2018.

Konukot loksins komið á góðan stað

Mikilvæg skref voru líka tekin í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Snemma á árinu samþykkti velferðarráð nýja aðgerðaáætlun í málaflokknum

og það var langþráð stund þegar við opnuðum loks Konukot á nýjum og mun betri stað í borginni undir lok árs. Leitin að húsnæði hafði staðið lengi og því var þetta mikið gleðiefni. Á hæðinni fyrir ofan Konukot opnuðum við svo nýtt úrræði, ætlað konum sem eru að stíga sín fyrstu skref í átt að sjálfstæðri búsetu.

Mikilvæg samvinna milli sveitarfélaga

Á árinu héldum við áfram að leggja áherslu á að auka samvinnu, innan borgar og utan, þvert á kerfi, við íbúa og notendur þjónustunnar. Í nóvember tókum við meðal annars þátt í sameiginlegum fundi félagsmálanefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem málaflokkur heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir var til umræðu. Sameiginlega sendu félagsmálanefndirnar frá sér ályktun þar sem skorað var á ríkið að móta stefnu til framtíðar í málaflokknum og koma í auknum mæli að fjármögnun hans.

Nokkrum dögum síðar var svo Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins sett á laggirnar, með það að markmiði að efla og samræma þjónustu við börn á höfuðborgarsvæðinu með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun. Þetta er nýr vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar og samráðs sem ég bind miklar vonir við.

Hér er aðeins stiklað af stóru en af nógu fleiru er að taka í ársskýrslunni. Njótið lestursins!

←
Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Kafli 2



Þjónusta



Heildarfjöldi notenda 2025


20.595

↑ 0,7%

Sífelld fleiri nýta sér þjónustu velferðarsviðs, en í hópnum eru nú 20.595 manns. Notendum fjölgað örlítið árið 2025, eða um 0.7%, en þessi hópur hefur vaxið mjög hratt síðastliðin 10 ár. Fjölgað undanfarinna ára skýrist að miklu leyti af fjölgað þeirra sem fengið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi. Hraðar breytingar á hópnum hafa kallað á stöðugar umbætur og nýsköpun, til að tryggja gæði þjónustunnar og einstaklingsmiðaða nálgun.




Fjöldi borgarbúa sem fékk þjónustu






Heildarfjöldi notenda skipt eftir kyni




Kynjahlutfall notenda er tiltölulega jafnt, þar sem karlar eru um 500 fleiri en konur. Velferðarsvið vinnur upplýsingar um kyn úr þjóðskrá. Kynsegin eru 0,1% allra notenda en í umfjöllun um einstaka þjónustuþætti er hópurinn of fámennur til að greina með tölfræðilegum hætti.



Hlutfall notenda eftir ríkisfangi



Þróun fjölda notenda eftir ríkisfangi







Þjónusta í nærumhverfi íbúa

Stór hluti þjónustu velferðarsviðs fer fram í gegnum fjórar miðstöðvar sem staðsettar eru í mismunandi hverfum Reykjavíkur. Þar geta íbúar fengið fjölbreytta þjónustu, ráðgjöf, upplýsingar og stuðning sem tekur mið af ólíkum þörfum þeirra.

Miðstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í samþættri þjónustu fyrir börn og ungmenni innan verkefnisins Betri borg fyrir börn. Þaðan er verkefninu Betri borg fyrir börn framfylgt en það miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í samræmi við lög um farsæld barna.

Fjöldi notenda eftir miðstöðvum





Rafræn miðstöð

Rafræn miðstöð gegnir mikilvægu hlutverki í að bæta aðgengi að þjónustu sviðsins. Hún styður við starfsemi hinna miðstöðvanna og er oft fyrsta tenging notenda við velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar.

Frá því að miðstöðin hóf starfsemi árið 2022 hefur hún tekið við stórum hluta afgreiðslu umsókna um velferðarþjónustu ásamt því að sinna móttöku og svörun símtala og tölvupósta sem áður bárust beint til miðstöðvanna. Hlutverk hennar er meðal annars að leiðbeina fólki áfram í viðeigandi nærþjónustu, afgreiða umsóknir og veita ráðgjöf og þjónustu í gegnum síma eða fjarfundabúnað þegar það hentar betur.

Rafræn miðstöð leiðir einnig þróun og innleiðingu stafrænna lausna innan velferðarsviðs og vinnur að fjölbreyttum umbótaverkefnum sem miða að því að einfalda þjónustu og bæta upplifun notenda. Þar fer jafnframt fram innleiðing velferðartækni sem ætlað er að styðja fólk til sjálfstæðrar búsetu og aukinna lífsgæða, meðal annars þrátt fyrir áhrif öldrunar, fötlunar eða langvarandi veikinda.



Kafli 2.2


Fólk getur fengið fjölbreyttan stuðning frá velferðarsviði inn á eigið heimili. Undir heimaþjónustu fellur heimastuðningur og heimahjúkrun. Markmiðið er að veita einstaklingsbundna þjónustu og stuðla að því að fólk geti búið sem lengst heima hjá sér við góð lífsgæði. Eldra fólk er stærsti notendahópur þjónustunnar.



Þjónusta í heimahúsum



Þjónusta í heimahús – fjöldi notenda helstu þjónustuflokka 2025






Heimþjónusta


Heildarfjöldi þeirra sem fá heimþjónustu í formi heimastuðnings og / eða -hjúkrunar hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, en eldra fólk er 80% þeirra sem fá heimastuðning. Samtals voru notendur heimþjónustu samtals 4.629.

Fjöldi eldra fólks sem fær heimahjúkrun hefur aukist lítillega milli ára.

Fjöldi notenda heimastuðnings



Fjöldi notenda heimahjúkrunar





Hlutfall eldra fólks af notendum heimastuðnings og heimahjúkrunar 2025


80%

Fjöldi þeirra sem fá heimastuðning helst stöðugur milli ára en þokast þó nokkuð niður á við, bæði fyrir eldri og yngri hópa.



Endurhæfing í heimahúsi – fjöldi notenda

Endurhæfing í heimahúsi er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Þjónustan er tímabundin, að hámarki í 3 mánuði. Markmiðið er að auka sjálfsbjargargetu notenda og þátttöku í samfélaginu með fjölbreyttum og markvissum aðferðum.






Velferðartækni

Velferðarsvið leggur ríka áherslu á innleiðingu, þróun og nýsköpun í nýtingu tæknilausna í velferðar- og heilbrigðisþjónustu á vegum sviðsins. Skjáheimsóknir og notkun lyfjaskammtara eru að fullu innleidd inn í þjónustuna. Náðst hefur betri skilgreining á markhópi lyfjaskammtara sem skýrir fækkun notenda milli 2024 og 2025.

Fjöldi notenda





Notendakönnun um skjáheimsóknir 2025*

89%

notenda eru ánægð með skjáheimsóknir sem hluta af sinni þjónustu

83%

telja skjáheimsóknir auka öryggi sitt heima

*56 þátttakendur (45% svarhlutfall)




Akstursþjónusta


Notkun akstursþjónustu meðal fatlaðs fólks og eldra fólks hefur aukist stöðugt í 4 ár samfellt.

Bæði heildarfjöldi notenda og ferða jukust á árinu 2025 meðal fatlaðs fólks samanborið við árin 2023 og 2024.

Fjöldi notenda




Fjöldi ferða





Hlutdeild notendahópa 2025





Meðalfjöldi ferða fatlaðs fólks 2025

253

Meðalfjöldi ferða eldra fólks 2025

43


Eldra fólk er um 45% notenda akstursþjónustu. Þrátt fyrir það skýrast aðeins 12% ferða af akstri eldra fólks. Fatlað fólk nýtir þannig akstursþjónustu talsvert oftar. Meðalfjöldi ferða í þeim hópi er 253 ferðir á ári, samanborið við ferðir að meðaltali í hópi eldra fólks. Akstursþjónusta fatlaðs fólks er lögbundin þjónusta.




Heimsendur matur

Undanfarin ár hefur notkun heimsendis matar minnkað smám saman, en í ár fjölgaði notendum aðeins, eða um 3%, á meðan fjöldi máltíða fækkaði um 1%.

Fjöldi notenda




Fjöldi máltíða





Eldra fólk eru langstærsti hópur þeirra sem nýta þjónustuna en 80% notenda eru 67 ára eða eldri og 75% máltíðanna fer til þessa hóps.

Hlutdeild notendahópa 2025





Kafli 2.3

Innan velferðarsviðs er unnið fjölbreytt starf í þágu eldra fólks. Reykjavíkurborg er aldursvæn borg og lagt er kapp á að gera borgina aðgengilega, aðlaðandi og hentuga fyrir eldri íbúa og þá um leið betri borg fyrir alla aldurshópa.



Þjónusta við eldra fólk



Heildarfjöldi eldri notenda 2025

4.817

Hlutfall af heildar notendafjölda

23%

Eldra fólk er tæpur fjórðungur allra notenda velferðarþjónustu, 4.817 talins. Fjöldinn hefur haldist svipaður á undanförunum árum. Eitt af helstu markmiðum þjónustu við eldra fólk er að það fái stuðning til að búa á eigin heimili. Þannig miðar allur stuðningur að því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kýs.



Fjöldi þjónustuíbúða fyrir eldra fólk í árslok 2025

378


Umfangsmesta þjónustan er veitt til fólks sem býr í heimahúsum, í formi heimastuðnings- og -heimahjúkrunar, heimsends matar og akstursþjónustu.

Velferðarsvið rekur einnig þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili fyrir fólk sem þarf meiri stuðning en hægt er að veita í heimahúsi.

Til viðbótar veitir borgin eldra fólki ýmsa aðra þjónustu, til dæmis öldrunarráðgjafar til eldra fólks og aðstandenda, hádegisverðar á félagsmiðstöðvum, félagsstarfs og dagdvalar.

Droplaugarstaðir	2024	2025
Fjöldi almennra hjúkrunarrýma	83	83

Dagdvöl fyrir eldra fólk – fjöldi notenda 2025





Kafli 2.4

Alls fengu 1.944 fatlaðir einstaklingar þjónustu frá velferðarsviði á árinu, þar af 389 undir 18 ára, en stuðningur við fatlað fólk er eitt umfangmesta verkefnið sem velferðarsvið sinnir. Veitt er búsetuþjónusta og fjölbreyttur stuðningur, þar sem áhersla er lögð á að skapa fjölbreytt tækifæri til vinnu og virkni.



Þjónusta við fatlað fólk



Heildarfjöldi fatlaðra notenda 2025


1.944 **↑ 4%**

Fjöldi einstaklinga sem bjó í húsnæði fyrir fatlað fólk í árslok 2025


525 **↑ 1%**



Íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk í árslok



Fjöldi notenda í algengustu þjónustuflokkum fyrir fatlað fólk – 2025






Notendastýrð persónuleg aðstoð

Notendastýrð persónleg aðstoð (NPA) byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf, þar sem fólk stjórnar sjálft fyrirkomulagi þjónustunnar sem því er veitt. Undir árslok 2025 voru 44 NPA-samningar virkir hjá Reykjavíkurborg.

Fjöldi NPA-samninga í árslok





Kafli 2.5

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að börn og fjölskyldur fái samþætta, aðgengilega og fjölskyldumiðaða þjónustu sem byggir á þörfum hvers barns og fjölskyldu þess. Þjónustan tekur mið af farsæld barna og er þróuð í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Með verkefninu Betri borg fyrir börn er unnið markvisst að því að efla samstarf þjónustukerfa, styrkja samfellu í þjónustu og tryggja heildstæða nálgun í stuðningi við börn og fjölskyldur.



Þjónusta við börn og fjölskyldur



Meginmarkmið þjónustunnar er að börn og fjölskyldur fái rétta þjónustu á réttum tíma án þess að þurfa sjálf að samhæfa þjónustu milli ólíkra kerfa. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, samþætta nálgun og virka samvinnu við börn og foreldra, með það að leiðarljósi að styðja við styrkleika fjölskyldna og efla þátttöku þeirra í eigin málum.

Þjónusta við börn og fjölskyldur byggir á þriggja þrepa þjónustulíkani eftir umfangi stuðningsparfar:

- **Fyrsta stig** felur í sér almenna og snemmtæka þjónustu í nærumhverfi barnsins, með áherslu á forvarnir, ráðgjöf og aðgengi að stuðningi.
- **Annað stig** nær til sértækari og markvissari stuðnings frá miðstöðvum borgarinnar þegar þörf er á aukinni samhæfingu eða einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- **Þriðja stig** felur í sér sérhæfðari þjónustu og umfangsmeiri stuðning þegar aðstæður kalla á frekari íhlutun og vernd.



Miðstöðvar Reykjavíkurborgar gegna lykilhlutverki í þjónustu við börn og fjölskyldur. Þar er veitt fjölbreytt þjónusta sem byggir á heildstæðri og fjölskyldumiðaðri nálgun, þar sem litið er til þarfa barns og fjölskyldu í samhengi. Þjónustan felur meðal annars í sér ráðgjöf, stuðningsþjónustu, stoðþjónustu, skólaþjónustu og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Markmiðið er að tryggja samfellu, sveigjanleika og samvinnu í þjónustu.





Heildarfjöldi barna með þjónustu frá miðstöðvum Reykjavíkurborgar og Barnavernd Reykjavíkur 2025

6.664

Hlutfall barna af heildarnotendafjölda

32%




Stuðningsþjónusta Keðjunnar

Keðjan sér um framkvæmd fjölbreyttrar stuðnings- og stoðþjónustu fyrir börn og fjölskyldur, þar á meðal stuðningsfjölskyldur, hópastarf og námskeið fyrir börn og foreldra, einstaklingsbundinn stuðning, skammtímadvöl fyrir fötluð börn og rekstur heimila fyrir börn sem þurfa tímabundna búsetu utan heimilis.

Þjónustan byggir á einstaklingsmiðuðum og fjölskyldumiðuðum stuðningi með áherslu á öryggi, vellíðan og samfélagsþátttöku barna.

Stuðningsþjónusta Keðjunnar fyrir börn og foreldra – fjöldi notenda






Skóláþjónusta

Markmið skóláþjónustu er að veita börnum og fjölskyldum þeirra markvissa ráðgjöf og stuðning. Þjónustan er veitt frá miðstöðvum Reykjavíkurborgar og berast umsóknir ýmist beint frá foreldrum eða skólum í samráði við foreldra.

6.664 börn fengu þjónustu frá miðstöðvum borgarinnar og Barnavernd Reykjavíkur árið 2025. Börn voru því um 31% allra notenda velferðarþjónustu.

Eftir fækkun á milli árána 2023 og 2024 hefur fjöldi barna og umsókna til skóláþjónustu aukist örlítið aftur. Árið 2025 bárust 2.607 umsóknir samanborið við 2.342 umsóknir árið áður.

Skóláþjónusta – fjöldi umsókna og fjöldi barna






Þegar sótt er um skólafjónustu fyrir börn eru helstu ástæður beiðna skráðar. Líkt og undanfarin ár voru málproskavandi, tilfinningalegir erfiðleikar og einbeitingarerfiðleikar algengustu ástæður beiðna árið 2025. Fjöldi beiðna vegna málproskavanda var nær óbreyttur milli ára en lítil aukning varð í á beiðnum vegna tilfinningalegra erfiðleika samanborið við árið 2024.

Beiðnir vegna einbeitingarerfiðleika voru áfram færri en árin 2022 og 2023 og stóðu nánast í stað milli áranna 2024 og 2025. Þá fjölgaði beiðnum vegna hegðunarerfiðleika, námserfiðleika og slakrar skólasóknar frá fyrra ári. Mest var aukningin í beiðnum vegna slakrar skólasóknar, sem jukust úr 52 beiðnum árið 2024 í 85 árið 2025.

Algengustu ástæður beiðna um skólafjónustu á miðstöð






Barnavernd

Barnavernd Reykjavíkur sinnir sérhæfðu hlutverki í þjónustu við börn og fjölskyldur þegar þörf er á aukinni vernd, stuðningi og íhlutun. Áhersla er lögð á öryggi barna, snemmtæka íhlutun og náið samstarf við fjölskyldur og aðra þjónustuaðila.

Fjöldi tilkynninga til barnaverndar






Undanfarin ár hefur aukin áhersla verið lögð á samþættingu þjónustu, snemmtækan stuðning og þverfaglegt samstarf til að efla samfellu og bæta upplifun barna og fjölskyldna. Þessi þróun er leidd áfram í gegnum verkefnið Betri borg fyrir börn, sem byggir á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og miðar að því að samræma þjónustu í nærumhverfi barna. Með þessu er leitast við að einfalda aðgengi að þjónustu, stytta boðleiðir og tryggja heildstæða og samfellda þjónustu sem tekur mið af aðstæðum, styrkleikum og þörfum hvers barns og fjölskyldu.

Tilkynningum til [Barnaverndar Reykjavíkur](#) jukust á árinu 2025, sem og fjöldi barna sem tilkynnt var um.

Algengustu ástæður tilkynninga til Barnaverndar





Kafli 2.6

Velferðarsvið veitir flóttafólki þjónustu samkvæmt samningi við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks. Árið 2025 fengu 3264 einstaklingar úr hópi flóttafólks þjónustu sviðsins. Einstaklingar frá Úkraínu eru langstærsti hópur flóttafólks sem fær þjónustu sviðsins en þar á eftir koma einstaklingar frá Venesúela og Palestínu. Velferðarsvið veitti umsækjendum um alþjóðlega vernd sem biðu úrvinnslu mála sinna þjónustu. Samningi við Vinnumálastofnun var hins vegar sagt upp á árinu og þeirri þjónustu lauk í júlí 2025.

Þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd





Flóttafólk með þjónustu velferðarsviðs


Fjöldi flóttafólks með velferðarþjónustu

3.264

Hlutfall flóttafólks af heildarnotendafjölda

16%

Fjöldi flóttafólks sem fékk þjónustu velferðarsviðs






Fjöldi ríkisfanga flóttafólks


52

Fjöldi flóttafólks með þjónustu eftir algengustu ríkisföngum





Fjöldi flóttafólks eftir algengustu þjónustupáttum velferðarsviðs






Flóttafólki sem fær fjárhagsaðstoð hefur fækkað stöðugt síðastliðin fjögur ár eftir fjölgun sem kom einkum til vegna komu flóttafólks frá Úkraínu og Venesúela. Á árinu 2025 fengu 1.433 manns úr hópi flóttafólks fjárhagsaðstoð, sem er 11% minna en árinu áður.

Kynjahlutfall helst frekar jafnt, en á árinu 2025 voru karlar 49% flóttafólks sem fékk fjárhagsaðstoð en konur voru 51%.

Fjöldi flóttafólks sem fékk fjárhagsaðstoð, eftir kyni






Samræmd móttaka flóttafólks


Reykjavíkurborg er með samning við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks. Markmiðið með samræmdri móttöku er að tryggja samfellda og jafna þjónustu, óháð því hvaðan fólk kemur. Þau sem fá þjónustu á grundvelli samningsins er flóttafólk sem er nýlega komið til landsins. Það hefur rétt á þjónustunni í allt að þrjú ár eftir komuna til landsins. Lögð er áhersla á aðstoð sem veitir fólki tækifæri til virkar þátttöku í samfélaginu, svo sem með atvinnu og námi.

Fjöldi flóttafólks í samræmdri móttöku






Hlutfall flóttafólks innan og utan samræmdrar móttöku – 2025



- Samræmd móttaka
- Ekki með samræmda móttöku

Fjöldi flóttafólks í samræmdri móttöku eftir miðstöðvum – 2025



- Vesturmiðstöð
- Norðurmiðstöð
- Suðurmiðstöð
- Austurmiðstöð


Núgildandi samningur um samræmda móttöku flóttafólks var gerður í janúar 2024 og framlengdur og útvíkkaður með viðauka í desember 2024. Samningurinn gildir til loka ársins 2026 og það er ekki gert ráð fyrir að hann verði verið framlengdur. Í fyrstu útgáfu samningsins, eða frá árinu 2020, var gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg veitti allt að 500 manns þjónustu á hverjum tíma. Samningar sem giltu frá október 2021 fram til 2024 gerðu ráð fyrir allt að 1.500 manns í þjónustunni á hverjum tíma og þessi fjöldi var svo útvíkkaður í 1.800 manns í árslok 2024. Í samræmi við þetta hefur orðið umtalsverð fjölgun notenda í þjónustunni.



Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Fyrstu 6 mánuði ársins 2025 voru að jafnaði 146 umsækjendur um alþjóðlega vernd í þjónustu í mánuði hverjum þar til þjónusta lauk í júlí 2025.

Fjöldi í þjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd





Kafli 2.7

Reykjavíkurborg veitir heimilisláusu fólki fjölbreyttan stuðning með áherslu á bætt lífsgæði og aukinn stöðugleika. Þjónustan byggir á hugmyndafræði Húsnæðis fyrst og skaðaminnkunar, þar sem fólk fær stuðning án nokkurrar skilyrða.

Í þjónustunni er lögð áhersla á mannvirðingu, fagmennsku og virka þátttöku notenda, með það að markmiði að mæta ólíkum og oft flóknum þörfum fólks.




Þjónusta við heimilisláust fólk




Neyðarskýli

Neyðarskýlin þrjú sem rekin eru í Reykjavík eru ætluð heimilislösu fólki sem hefur miklar og flóknar þjónustufarir. Myndirnar sýna fjölda gesta og gistinguáttanna í neyðarskýlunum. Gestum skýlanna fækkaði um rúm 14% á milli ára 2024 og 2025. Gistinguáttum fækkaði jafnframt um tæp 10%.

Fjöldi gistinguáttanna í neyðarskýlum




Fjöldi gesta í neyðarskýlum





Reykjavík er eina sveitarfélagið sem rekur neyðarskýli fyrir heimilislausu. Neyðarskýlin nýta þó íbúar af öllu landinu. Gestir sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík voru 27% allra gesta í skýlunum á árinu 2025.

Gestir neyðarskýla 2025 eftir lögheimili






Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjavíkurborgar

Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjavíkurborgar sinnir mikilvægu hlutverki í stuðningi við heimilisláust fólk. Starfsfólk teymisins veitir einstaklingsmiðaðan stuðning bæði á vettvangi og í húsnæði þar sem fólk býr, hvort sem um er að ræða sértækt húsnæði á vegum borgarinnar, félagslegt húsnæði eða húsnæði á almennum markaði.

Þjónustan er sérstaklega ætluð fólki með miklar og fjölbreyttar þjónustubarfir og miðar að því að auka stöðugleika, öryggi og lífsgæði.


Kynjahlutfall notenda þjónustu VoR-teymis í árslok 2025





Fjöldi notenda með þjónustu VoR-teymisins á árinu 2025 var 128. Karlar voru í meirihluta, eða um 59%. Notendur með erlent ríkisfang voru rúmlega 13% notenda þjónustunnar.

Fjöldi með þjónustu VoR-teymis á árinu 2025 eftir ríkisfangi





Kafli 2.8


Fjárhagsaðstoð er fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, með það að markmiði að styðja fólk til sjálfshjálpar og stuðla að því að það geti framfleytt sér. Þeir sem hafa fengið fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar hefur fækkað nokkuð frá árinu 2022.




Virknir og fjárhagsaðstoð



Fjárhagsaðstoð, allar tegundir – fjöldi notenda




Fjárhagsaðstoð – fjöldi notenda og lengd tímabils sem fjárhagsaðstoð var veitt





Fjárhagsaðstoð – fjöldi flóttafólks og annarra notenda






Virknihús

Virknihús sameinar virkni- og endurhæfingarúrræði velferðarsviðs á einum stað. Þar er unnið að því að styðja fólk til aukinnar virkni, sjálfstyrkingar og þátttöku í samfélaginu með fjölbreyttum úrræðum sem geta meðal annars tengst námi, endurhæfingu eða undirbúningi fyrir atvinnuþátttöku.

Á árinu 2025 tóku 470 einstaklingar þátt í úrræðum Virknihúss. Það var 12% fækkun frá fyrra ári og hefur þátttaka farið minnkandi frá árinu 2023.

Fjöldi þátttakenda





Kafli 2.9

Í Reykjavík eru 3.251 félagsleg íbúð og aðrar leigueiningar víðs vegar um borgina. Tegundir húsnæðis eru fjölbreyttar og ná meðal annars til almenns félagslegs leiguhúsnæðis, búsetuúrræða fyrir fatlað fólk, húsnæðis fyrir heimilisláust fólk með miklar þjónustuparfir og þjónustuíbúða fyrir eldra fólk.

Einstaklingar og fjölskyldur sem uppfylla ákveðin tekju- og eignaskilyrði geta sótt um félagslegt leiguhúsnæði hjá Reykjavíkurborg.

Húsnæði







Fjöldi leiguinga í árslok 2025

3.251

Félagslegt húsnæði eftir tegund




Félagslegt leiguhúsnæði – fjöldi nýrra úthlutanna eftir tegund






Fjöldi notenda sem fékk sérstakan húsnæðisstuðning



Biðlisti eftir félagslegu húsnæði – fjöldi umsókna á biðlista í árslok eftir tegund húsnæðis






Kafli 2.10

Velferðarsvið veitir afar fjölbreytta þjónustu. Hér má sjá þróun undanfarinna þriggja ára á fjölda notenda helstu þjónustu sem sviðið veitir. Nánari greiningu á þjónustu og notendahópum eftir bakgrunnsbreytum á borð við kyn, aldur, fjölskyldugerð og ríkisfang má nálgast á [tölfræðivef](#) sviðsins.

Ítarlegri tölfræði





Fjöldi notenda eftir tegund þjónustu	2022	2023	2024	2025	Breyting 24-25
Fjárhagsaðstoð allar tegundir	4.557	4.456	3.833	3.320	-13%
Heimastuðningur (félagsleg heimaþjónusta)	3.570	3.434	3.384	3.378	0%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	3.352	3.260	2.959	2.591	-12%
Barnavernd Reykjavíkur	2.885	3.183	3.388	3.452	2%
Heimahjúkrun	2.905	2.826	2.857	2.908	2%
Skólaþjónusta – tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál	2.564	2.619	2.060	2.215	8%
Sérstakur Húsnæðisstuðningur, almennur markaður	2.351	2.373	2.309	2.292	-1%
Barnaverndartilkynning	2.179	2.355	2.601	2.624	1%
Einstaklingsáætlun (samkomulag um félagslega ráðgjöf)	1.526	2.212	2.281	2.228	-2%
Sérstakur Húsnæðisstuðningur, Félagsbústaðir	2.146	2.199	2.227	2.214	-1%
Greiningar í skólaþjónustu	1.155	1.281	1.313	1.295	-1%
Heimsending matar	1.018	1.005	951	958	1%
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	963	973	1.011	1.056	4%
Akstursþjónusta eldri borgara	697	777	813	901	11%
Stuðnings- og stoðþjónusta	413	416	411	403	-2%
Lán til framfærslu	373	394	409	404	-1%
Neyðarskýli fyrir karla	298	326	309	271	-12%
Einstaklingsstuðningur	360	287	377	367	-3%
Grettistak	190	233	197	188	-5%
Stuðningsfjölskyldur	229	221	152	113	-26%
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn	195	179	160	153	-4%
Húsnæðisúthlutanir – almennar félagslegar leiguíbúðir	134	178	142	127	-11%
Umönnunarmat fyrir fötluð börn	222	177	184	249	35%
Foreldrafærsla og uppeldisráðgjöf	198	151	128	149	16%
Fjárhagsaðstoðarlán	148	123	127	99	-22%
Skammtímadvöl fyrir fatlað fólk	145	107	108	118	9%
IPS, einstaklingsmiðaður stuðningur við atvinnuleit	45	103	81	64	-21%
Konukot, neyðarskýli fyrir konur	99	97	84	73	-13%
Pórrasel, dagdvöl	110	73	78	83	6%
Húsnæðisúthlutanir – þjónustuíbúðir	66	70	57	66	16%
Tinna / Kvennasmiðja	92	69	74	64	-14%
Styrkur vegna tækjakaupa, náms- og skólagjalda fyrir fatlað fólk	61	55	49	57	16%
Vistheimili barna	46	41	53	28	-47%
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	30	34	43	44	2%
Unglingasmiðjur	48	30	51	49	-4%
Esjutún / Vítorg, fjöldi gesta	36	18	19	19	0%
Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur	63	50	77	102	32%
Samtals fjöldi notenda	19.418	20.696	20.447	20.595	1%



Kafli 3



Vinnustaðurinn



Á velferðarsviði starfar stór hópur fólks með fjölbreytta menntun, reynslu og bakgrunn. Á árinu 2025 störfuðu að jafnaði meira en 3.500 manns í mánuði hverjum á sviðinu. Undir það heyra 123 starfsstaðir og af þeim sinna 80 sólarhringsþjónustu.

Fjöldi starfsstaða

123

Fjöldi starfsstaða sem sinna sólarhringsþjónustu

80


Stöðugildi að meðaltali á mánuði

2.371



Viðhorf og líðan

Stofnun ársins: Ánægja, líðan stolt, traust – starfsfólk velferðarsviðs





Fræðsla

Fræðsla fyrir starfsfólk velferðarsviðs verður fjölbreyttari með hverju árinu sem líður. Það er í takt við þær áherslur að starfsfólki standi til boða gefandi fræðsla sem nýtist í leik og starfi.

Virkir notendur

7.994

**Stafræn námskeið í boði
fyrir starfsfólk**

636



Fjöldi notenda á Torginu af heildarfjölda starfsmanna Velferðarsviðs í árslok 2025

66%

Rafrænt fræðsluframboð hefur haldið áfram að aukast þökk sé Torginu, fyrsta starfræna fræðslukerfi Reykjavíkurborgar.



Kafli 4



Rekstur



Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs fyrir árið 2025 var 58.799 milljónir króna.

Heildarrekstrargjöld velferðarsviðs hækkuðu um 4% á milli ára. Hlutdeild velferðarsviðs af heildarrekstrargjöldum borgarinnar er 24,5%.

Heildarútgjöld velferðarsviðs voru 58.799 þúsundir króna á árinu 2025 sem er um 24% af heildarútgjöldum borgarinnar. Aukning útgjalda er um 4% frá fyrra ári.

Heildarútgjöld velferðarsviðs

Ár	Heildarútgjöld	Aukning milli ára
2023	53.161	8%
2024	56.513	6%
2025	58.799	4%

Tölur í þúsundum króna



Hlutfall velferðarsviðs af heildarrekstrargjöldum Reykjavíkurborgar


<u>Ár</u>	<u>Hlutfall</u>
2023	27%
2024	27%
2025	24,5%

Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 22.170 milljónir króna. Málefni fatlaðs fólks skýra 46% af heildarútgjöldum velferðarsviðs.



Stærstu kostnaðarþættir á velferðarsviði

Tölur í milljónum króna





Rekstrargjöld velferðarsviðs eftir þjónustupáttum

í milljónum króna	2024	2025	Breyting milli ára
Búsetuþjónusta í málefnum fatlaðs fólks	13.400	13.995	4,4%
Samningar, framlög og styrkir	5.646	5.941	5,2%
Fjárhagsaðstoð	2.867	2.452	-14,5%
Vistgreiðslur	2.866	2.506	-12,6%
Heimastuðningur	2.627	2.628	0,1%
Börn og fjölskyldur	2.626	2.845	8,3%
Stjórnsýsla og miðlæg þjónusta	2.199	2.057	-6,4%
Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	1.965	2.122	8,0%
Skammtíamavistun og Skammtímadvöl	1.938	2.138	10,4%
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	1.652	1.811	9,7%
Þjónustuíbúðir	1.589	1.737	9,3%
Stuðnings- og stoðþjónusta	1.582	1.533	-3,1%
Húsnæðisstuðningur	1.540	1.499	-2,7%
Dagþjónusta	1.010	914	-9,5%
Búsetuþjónusta	972	1.202	23,7%
Ýmis úrræði	722	579	-19,8%
Félagsmiðstöðvar	691	742	7,4%
Hjúkrunarheimili	376	374	-0,4%
Önnur gjöld	-	1.105	-
Nefndir og ráð	-	3	-
Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur	-	173	-
Samtals		48.357	



Kafli 5



Annáll



21. janúar

Nýjar aðgerðir til að sporna gegn heimilisleysi

Borgarstjórn samþykkti nýja aðgerðaáætlun með stefnu í málaflokki heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustubarfir, með skaðaminnkandi, valdeflandi og batamiðaða nálgun og hugmyndafræðina um húsnæði fyrst að leiðarljósi.



10. febrúar

Farsældarvika haldin um alla borg

Farsældarvika var haldin í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Dagskrá vikunnar var í formi kynninga, vinnustofa og margvíslegrar fræðslu og var ætlunin að varpa ljósi á innleiðingu farsældarlaganna í Reykjavík.



24. mars

Félagasamtök tóku við styrkjum velferðarráðs

Forsvarsfólk 23 hagsmuna- og félagasamtaka tók á móti styrkjum frá velferðarráði Reykjavíkurborgar. Ellefu fengu almennan styrk, níu fengu þjónustusamning til eins árs og þrjú fengu þjónustusamning til þriggja ára.



10. apríl

Enginn dagur eins í vettvangshjúkrun

Fjöldi hjúkrunarfræðinga starfar hjá Reykjavíkurborg, meðal annars í málaflokki heimilisláusra þar sem hjúkrunarfræðingar fara á milli neyðarskýla, „housing first“ íbúða og annarra staða þar sem þeirra er þörf.



7. maí

Þrjú hundruð sjúkraliðar komu saman

Um þrjú hundruð sjúkraliðar af landinu öllu mættu í Hörpu, þar sem Sjúkraliðadagurinn var haldinn með umfangsmikilli dagskrá. Sjúkraliðafélagið, Reykjavíkurborg, Landspítalinn og Framvegis stóðu að deginum.



2. júní

Verðlaunuð fyrir árangur í störfum sínum

Hjúkrunarfræðingurinn Mahmoud F. M. Abusaada, hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir, innleiðing farsældarlaganna og félagsráðgjafinn Edda Ólafsdóttir hlutu hvatningarverðlaun velferðarráðs.



11. júlí

Samþykkt að flytja Þorrasel af Vesturgötu

Borgarráð samþykkti að verða við beiðni heilbrigðisráðuneytisins um að dagdvölin Þorrasel flytji af Vesturgötu 7, svo unnt sé að stækka heilsugæslustöðina í húsinu. Áhersla var lögð á að ekkert þjónusturof yrði við gesti Þorrasels.



18. ágúst

Breytingar í skipulagi málaflokks fatlaðs fólks

Ráðist var í umtalsverðar breytingar í rekstri og skipulagi þjónustu við fatlað fólk. Breytingarnar eru ætlaðar til margvíslegrar framþróunar og er markmiðið að fatlað fólk verði vart við skilvirkari og öflugri þjónustu.



15. september

Hluti Virknimiðstöðvar flutti í Skeifuna


Smiðjan, sem heyrir undir Virknimiðstöðina og er virkniúrræði fyrir fatlað fólk, flutti í Skeifuna 8. Notendur virkniúrræða Reykjavíkurborgar fá einstaklingsbundinn stuðning, út frá getu og vilja hvers og eins.



26. september

Samið við Samtökin '78 um fræðslu og ráðgjöf


Gerður var þriggja ára samningur við Samtökin '78. Í honum felst meðal annars framlag til ráðgjafarþjónustu og hinsegin fræðsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, nemendur grunnskóla og íþróttafélög.



21. október

„Er glöð og jákvæð eftir að vera í unglingsmiðjunni“

Könnun teymis árangurs- og gæðamats á velferðarsviði sýndi mikla ánægju þátttakenda með unglingsmiðjurnar Stíg og Tröð. Þar er markvisst ýtt undir og unnið með sjálfstraust og félagsfærni ungmenna.



30. október

Skjáheimsóknir vinna gegn einmanaleika og skapa öryggi

Stór hluti þeirra notenda skjáheimsókna í heimaþjónustu sem finna fyrir einmanaleika segja heimsóknirnar draga úr honum, eða 79%. Mikill meirihluti telur þjónustuna auka öryggi sitt heima fyrir, eða 83%.



5. nóvember

Íbúðakjarni hannaður í samstarfi við íbúa og aðstandendur

Nýr íbúðakjarni fyrir fatlað fólk var formlega opnaður í Brekknaási í Seláshverfi. Íbúðakjarninn var sérstaklega hannaður með tilliti til þarfa íbúanna sex en þeir eða aðstandendur þeirra komu sjálfir að hönnunarferlinu.



13. nóvember

Skoruðu sameiginlega á ríkið

Félagsmálanefndir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sendu frá sér sameiginlega áskorun til ríkisins um að móta stefnu til framtíðar í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónusturþarfir.



4. desember

Unnið gegn ofbeldi barna og ungmenna

Fjölbreyttar tillögur um hvernig megi vinna gegn ofbeldi barna og ungmenna er að finna í skýrslu sem kynnt var í borgarráði. Skýrslan er afrakstur vinnu stýrihóps um forvarnir og aðgerðir gegn ofbeldi barna og ungmenna.



5. desember

Konukot fékk samastað og nýtt úrræði opnað

Það var tvöföld ástæða til að fagna þegar Konukot fékk loks nýjan samastað í borginni. Í sama húsi er tímabundið heimili fyrir konur sem hafa verið heimilislausar en það er nýtt úrræði á vegum velferðarsviðs.



Reykjavík